



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við vígslu Flugminjasafns Egils Ólafssonar
og
opnun nýrrar safnaálmú við minjasafn Egils Ólafssonar
Hnjóti
26. ágúst 2000**

Heiðruðu hátíðargestir
Fjölskylda Egils Ólafssonar
Forráðamenn íslenskra flugmála
Kæru Vestfirðingar

Við erum hér samankomin til að fagna merkum áfanga í safnasögu Íslendinga og heiðra minningu brautryðjanda og frumkvöðuls sem veitti okkur nýja sýn á menningu okkar og lífshætti, allt frá árdögum byggðar í landinu til þess umróts, nýsköpunar og tæknibyltingar sem nútíminn hefur haft í för með sér.

Egill Ólafsson reisti hér að Hnjóti með góðu liðsinni konu sinnar Ragnheiðar Magnúsdóttur, fjölskyldu, vina og velunnara minjasafn sem að allri gerð og hugsun var öðrum í senn vegvísir og fyrirmynd.

Hann hafði næmt auga fyrir þeirri heild sem munir geta myndað, hvernig gripur í nálægð við annan getur sagt okkur mikla sögu, skapað nýjan skilning á lífsbaráttu fólksins á öldum áður.

Hann var einnig langt á undan öllum öðrum að skynja hve fljótt tæki og tól úr hversdagsreynslu samtímans geta orðið kjörgripir til lengri tíma, að ekki mætti farga eða fleygja því sem fyrir skömmu var fulltrúi nýjustu tækni en varð nú að víkja fyrir öðru betra.

Framsýni Egils og dómgreind, næmur skilningur á því hvernig framtíðin myndi kjósa að geta séð okkar samtíð varð grundvöllur að hinu einstæða Flugminjasafni sem við vígjum hér í dag, safni sem helgað er

umbyltingunni í samgöngum okkar Íslendinga, byltingu sem mótað hefur mannlíf og þjóðhætti meira en flest annað.

Á þessari stundu söknum við öll hinnar einstæðu leiðsagnar Egils um safnið. Í huga mér er hann ljóslifandi að fræða og skýra, glæða gripina lífi með góðum sögum, tengja saman smátt og stórt; sóknarviljinn og bjartsýnin óbuguð og sterk; ný áform og nýir kjörgripir vitnisburður um að ástríða safnarans er í senn líf hans og yndi. Hin fagra dagsstund fyrir fáeinum árum þegar við Guðrún Katrín heimsóttum ykkur hér á Hnjóti rís svo sannarlega hátt í minningunni um heimsókn okkar til Barðstrendinga og frásögn Egils syngur enn í eyrum, eins konar andblær sem ávallt mun móta safnið allt.

Við vottum minningu Egils virðingu okkar og þökk og flytjum ekkju hans Ragnheiði Magnúsdóttur og fjölskyldunni allri árnaðaróskir vegna hins veglega minnisvarða um lífsstarf Egils og ykkar allra sem við fögnum hér í dag.

Flugminjasafn Egils Ólafssonar og ný álma í minjasafni hans á Hnjóti er Íslendingum sannarlega fagnaðarefni og ég færi öllum sem hér hafa að verki komið einlæggar þakkir íslenskrar þjóðar.

Safnið sjálft er ekki aðeins einstæður merkisberi meðal íslenskra safna heldur einnig áminning til okkar allra um hvað hægt er að gera í hinum dreifðu byggðum landsins ef vilji og hugmyndaflug fá að ráða för.

Það er reyndar athyglisvert hve víða á Vestfjörðum gefst nú kostur á að heimsækja og skoða fróðleg söfn og hve mikil breyting hefur orðið í þessum efnum á undanförunum árum. Í raun geta gestir nú gert sér sérstaka safnaför til Vestfjarða og notið þannig samvista við menningu og minjar um leið og hin einstæða náttúra, fegurð fjalla og fjarða, nærir sálina á ný.

Í slíkri safnaför er Hnjótur höfuðbýli, veisla fyrir andann sem á sér engan líkan, fjársjóður fróðleiks og sögu, fyrirheit um nýjan skilning á samtíð okkar og aldagömlum arfi.

Flugminjasafn á þessum stað er í sjálfu sér ögrun við vanahugsun en jafnframt áminning um að þá fyrst nær mannshugurinn árangri þegar hann fær frjáls að fljúga um allar lendur og sannfærast um að enginn tindur sé of hár.

Hér á Hnjóti næst mun betur en í höfuðborginni sjálfri næmur skilningur á gildi flugsins fyrir byggðir Íslands, fyrir fólkið til sjávar og sveita, í fjörðum og dölum sem annars voru afskekktir lungann úr árinu.

Við sem ólumst upp hér vestra munum þá hátíðardaga þegar flugvélin kom og lenti á firðinum, báturinn sótti svo farþega og farangur. Það er skammt síðan en samt er eins og öld skilji samtíð og okkar æskudaga.

Fyrir okkur sem áttum ung góð ár á Þingeyri við Dýrafjörð er eins og að hitta gamlan vin að ganga á ný inn í flugturninn sem séra Stefán gerði úr lúkarnum á aflóga fiskibáti; að rifja upp minningar um þann góða klerk sem lét sér eins annt um flugið og messurnar á sunnudögum. Hér mætast þeir í safninu góða, séra Stefán og Egill minjavörður, fulltrúar fyrir þá merku frumkvöðla sem Vestfirðir hafa alið, öflugir liðsmenn í flugsögu íslenskrar þjóðar.

Ég færi yfirvöldum flugmála í landinu, núverandi flugmálastjóra og fyrirrennrum hans þakkir fyrir góðan stuðning við safnið hér á Hnjóti og vona að sú fræðsla sem það veitir gestum muni auka þekkingu þjóðarinnar á einstæðum þætti flugsins í framför lands og byggða.

Um leið og við vígjum Flugminjasafnið og opnum nýja álmu við minjasafnið veitist mér sú ánægja að afhenda fyrsta gripinn sem varðveittur verður í hinni nýju safnaálmu. Hirslan sú mun geyma aldamótahugleiðingar skólabarna hér á fjörðunum og verður ekki opnuð aftur fyrr en að 50 árum liðnum.

Fulltrúar Grunnskóla Bíldudals, Grunnskóla Patreksfjarðar, Grunnskóla Táknaþfjarðar, Grunnskólans í Krossholti og Grunnskólans á Örlygshöfn taka nú við þökkum með efniviði í þær ritgerðir sem nemendur munu skrifa, ritgerðir sem geyma munu spádóma æskufólksins um framfarir og þjóðlíf að 50 árum liðnum, ástand heimsins, Vestfjarða og heimabyggðar þegar öldin 21. verður hálfnuð, hvernig venjulegur dagur kann að líta út að þeim kjörtíma liðnum.

Þessum einstæða efniviði verður síðan safnað saman og komið fyrir í þessari hirslu. Ég vona að þegar hún verður opnuð á ný eftir 50 ár þá verði hér að Hnjóti mikil hátíð og allir höfundarnir, þá virðulegir borgarar, jafnvel afar og ömmur, komi hér saman og líti æskuspána í því ljósi sem aldarhelmingurinn mun þá varpa á veruleikann, ljósi sem verður í ætt við þá hugsjón og framsýni sem einkenndi ævistarf Egils Ólafssonar hér á Hnjóti.

Með vígslu Flugminjasafnsins og opnun nýrrar safnaálmu heiðrum við ævistarf og lífssýn hugmyndaríks frumkvöðuls sem vann þjóð sinni gæfuverk sem aldrei munu gleymast.

Megi minningin um hinn góða og atorkusama safnamann Egil Ólafsson verða óbornum kynslóðum fyrirmynd um varðveislu þeirra minja sem Íslendingum eru í senn kærar og ómissandi svo að á hverri tíð geti menn öðlast raunsannan skilning á samhenginu í þeirri sögu sem gert hefur okkur að þjóð.

Með þessum orðum fagna ég opnun Flugminjasafn Egils Ólafssonar og hinar nýju álmu við minjasafnið og bið fulltrúa grunnskólanna sem ég nefndi áðan að ganga fram og taka við efniviðnum í aldarspá æskunnar hér um slóðir.